
LOFTLEIÐIR
CAR RENTAL BÍLALEIGA
2 11 90 2 11 88

iR interRent car rental
SÍMAR 28810 24460
bílaleigan GEYSIR
BORGARTÚNI 24

FERÐABÍLAR hf.
Bílaleiga, sími 81260.
Fólksbílar, stationbílar, sendibílar, hópferðabílar og jeppar.

Innilega þakka ég starfsfólki lðnskólans fyrir rausnarlegar gjafir og vinsemd í minn garð á 75 ára afmæli mínu.
Kærar þakkir
Guðjón Vigfússon



Bifreiðasala
EGILS
Notaðir bílar til sölu
Hornet 2ja og 4ra dyra '71 og '75
Matador 2ja og 4ra dyra '71 og '75
Grenlim '74
Hilman '68 til '75
Sunbeam 2ja og 4ra dyra '70 til '76
Lancer '74 til '76.
Galant 2ja og 4ra dyra '73 — '77
Villys Jeep '47 til '75
Cheroky '74
Jeepster '67 til '73
Waagoner '71 til '76
Morris Marina '74
Fiat '73 til '76
Fiat '73 til '76
Mazda '74
Toyota '71 til '75
Bronko '66 til '74
Sunbeam Arro '70
M. Benz '67 til '72
Opel '65 til '71
Saab '66 til '74
Volvo '70 til '72
Nýir bílar
Galant Signa
Lanser 2ja og 4ra dyra
Hornet 4ra dyra, sjálfskiptur með pawer stýri
Jeep CJ5 með blæju
Allt á sama stað
EGILL VILHJÁLMSSON HF.
Laugavegi 118 - Simi 15700

AUGLÝSINGASÍMINN ER: 22480
Morgunblaðið

Útvarp Reykjavík

MIÐVIKUDAGUR
21. september.

MORGUNNINN

7.00 Morgunútvarp
Veðurfregnir kl. 7.00. 8.15 og 10.10. Fréttir kl. 7.30, 8.15 (og forustugr. dagbl), 9.00 og 10.00.
Morgunbæn kl. 7.50.
Morgunstund barnanna kl. 8.00: Ármann Kr. Einarsson lýkur lestri sögu sinnar „Ævintýris í borginni" (13).
Tilkynningar kl. 9.30. Létt lög milli atriða.
Kirkjutónlist kl. 10.25: Tónlist eftir Johann Sevastian Bach.
Morguntónleikar kl. 11.00: Margot Guilleaume syngur Þýzkar aríur eftir Händel/Hansheinz Schneeberger, Guy Fallot og Karl Engel leika Tríó í d-moll op. 49 eftir Mendelssohn.

12.00 Dagskráin. Tónleikar. Tilkynningar.

SÍÐDEGIÐ

12.25 Veðurfregnir og fréttir. Tilkynningar.
Við vinnuna: Tónleikar.
14.30 Miðdegissagan: „Úlfhildur" eftir Hugrúnu
Höfundur les (16).

15.00 Miðdegistónleikar
Konunglega fílharmoníusveitin í Lundúnum leikur „Pelléas et Mélisande", konsertsvítu op. 46 eftir Sivelius; Sir Thomas Beecham stjórnar. John Browning og hljómsveitin Fílharmonia leika Píanókonsert í C-dúr nr. 3 op. 26 eftir Prokofjeff; Erich Leinsdorf stjórnar.
16.00 Fréttir. Tilkynningar.
(16.15 Veðurfregnir).
16.25 Knattspyrnulýsing
Hermann Gunnarsson lýsir beint frá Belfast síðari hálfleik milli Íslendinga og Norður-Íra. Leikurinn er liður í heimsmeistarakeppninni.
17.15 Tónleikar
17.30 Litli barnatíminn
Guðrún Guðlaugsdóttir sér um tímann.
17.50 Tónleikar. Tilkynningar.
18.45 Veðurfregnir. Dagskrá kvöldsins.


KVÖLDIÐ

19.00 Fréttir. Fréttaauki. Tilkynningar.
19.35 Víðsjá
Umsjónvarmenn: Ólafur Jónsson og Silja Aðalsteinsdóttir.
20.00 Einsöngur: Guðmunda Elíasdóttir syngur íslensk lög
Magnús Blöndal Jóhannsson leikur á píanó.
20.20 Sumarvaka
a. Á vertíð árið 1925
Bjarni M. Jónsson flytur fyrsta hluta frásögu sinnar.
b. Hrímbogar og haftórur
Baldur Pálmason les úr nýlegri kvæðabók Einars H. Einarssonar á Skammadalshóli.
c. Það hvarf allt í kaffið.
Pétur Pétursson talar við Sigurbjörn Þorkelsson fyrrum kaupmann í Vísi.
d. Kórsöngur: Kammerkórinn syngur íslenzk lög
Söngstjóri: Rut Magnússon
21.30 Útvarpssagan: „Víkursamfélagið" eftir Guðlaug Arason
Sverrir Hólmarsson les (8).
22.00 Fréttir.
22.15 Veðurfregnir.
Kvöldsagan: „Dægradvöl" eftir Benedikt Gröndal.
Flosi Ólafsson leikari les (9).
22.40 Jassþáttur
í umsjá Jóns Múla Árnasonar.
23.25 Fréttir. Dagskrárlok.

Á SKJÁNUM

MIÐVIKUDAGUR
21. september

20.00 Fréttir og veður.
20.15 Auglýsingar og dagskrá.
20.20 Hr. Rossi í skógarferð. Stutt, ítölsk teiknimynd.
20.30 Skóladagar (L).
Sænskur myndaflokkur.
4. þáttur.
Efni þriðja þáttar:
Nemendur níunda bekkjar fá vinnufrí, en vandræðin virðast fremur aukast við það. Sérstaklega er einn piltanna, Pétur, erfiður viðfangs. Foreldrafundur er haldinn í skólanum og deilt hart á kennarana, og Katrín umsjónarkennari er ekki ánægð með frammistöðu sína. Eva Mattson lendir í slæmum félagsskap og kemur ekki heim. Móðir hennar hringir í Kamillu vinkonu hennar seint um kvöld og spyr eftir henni, en hún virðist gersamlega horfin.
Þýðandi Óskar Ingimarsson.
(Nordvision — Sænska sjónvarpið)
21.25 Undur mannslíkamans.
Bandarísk fræðslumynd, þar sem starfsemi mannslíkamans og einstakra líffæra er sýnd m.a. með röntgen- og smásjármyndum. Myndin er að nokkru leyti tekin inni í líkamanum.
Þýðandi og þulur Jón O. Edwald.
22.15 Gítarleikur.
Símon Ívarsson leikur lög eftir Visée og Bach.
Stjórn upptöku Tage Ammendrup.
22.30 Dagskrárlok.



Útvarp kl. 16.25:

Hermann lýsir beint frá Norður-Írlandi

Á dagskrá útvarpsins í dag er knattspyrnulýsing frá leik Íslendinga og Norður-Íra, en Leikurinn er síðasti leikur Íslendinga í þessum riðli undankeppni Heimsmeistarakeppninnar í knattspyrnu. Lýsinguna mun Hermann Gunnarsson íþróttafréttamaður útvarps annast og hefst hún á nokkuð óvenjulegum tíma, eða kl. 16.25, sem þýðir að um beina lýsingu verður að ræða. Og nú er bara að heyra hvernig landinn *spjarar sig.*

Sumarvaka hljóðvarps kl. 20.20:

Frásaga upplestur, spjall og söngur

Vert er að benda á sumarvöku þá er verður á dagskrá útvarpsins kl. 20.30 í kvöld, en þar mun verða flutt efni sem ætla má að margir muni hafa áhuga á. Efni sumarvökunnar verður af fernum toga. Fyrst mun Bjarni M. Jónsson flytja fyrsta hluta frásögu sinnar sem hann nefnir Á vertíð árið 1925. Þá mun Baldur Pálmason dagskrárstjóri lesa úr nýlegri kvæðabók Einars H. Einarssonar á Skammadalshóli. Í þriðja lagi mun Pétur Pétursson þulur tala við Sigurbjörn Þorkelsson, fyrrum kaupmann í verzluninni Vísi, og loks mun Kammerkórinn syngja nokkur íslenzk lög undir stjórn Rutar Magnúsdóttur.



Sjónvarp kl. 22.30:

Dagskrárauki um Alcopley

Sjónvarpið verður með dagskrárauka í kvöld kl. 22.30 er það sýnir brezka mynd í þýðingu Kristmanns Eiðssonar um fyrrum eiginmann Ninu Tryggvadóttur, bandaríska listamanninn Alcopley, en þessa dagana stendur yfir yfirlitssýning á verkum hans á Kjarvalsstöðum. Alcopley er einn fárra manna sem hafa getað helgað sig tveimur ólíkum störfum, þ.e. störfum á sviði lista annars vegar og á sviði vísinda hins vegar. Í myndinni í kvöld er bæði rætt við Alcopley og fylgzt með honum að störfum.